



NORRÆNN BYGGINGARDAGUR – NBD

FUNDARGERÐ – STJÓRNARFUNDUR

Fundarstaður: Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7A, fundaherbergi FSR
Dagsetning: 7. nóvember 2011
Fundarmenn: Smári Þorvaldsson, formaður, SP
Magnús K. Sigurjónsson, ritari, MKS
Ágústa Sveinbjörnsdóttir, ÁS
Jóhanna B. Hansen, JBH

Eyjólfur Bjarnason, gjaldkeri, EB, boðaði fjarveru.

1. NBD 2011 yfirlit

Frestað vegna fjarveru EB, gjaldkera.

2. Starfsáætlun 2012

SP kynnti starfsáætlun fyrir árið 2012. Stefnt er að því að halda fundi stjórnar í mars 2012 og í september 2012. Á fundi í mars 2012 verði teknar fyrir tillögur um umræðuefni fyrirhugaðrar samnorrænnar ráðstefnu NBD 2015 á Íslandi. Á haustfundinum verður síðan endanlega ákveðið þemað og heiti ráðstefnunnar og fleira.

3. Ráðstefna NBD í Helsinki 1. - 3. september s.l.

Rætt var um samnorrænu ráðstefnuna sem haldin var í Helsinki nýlega og töldu fundarmenn að hún hefði verið að mörgu leyti vel heppnuð ráðstefna. Sérstaklega voru fyrirlestrarnir vel heppnaðir en leitt var að það skorti á þátttöku Norðmanna.

4. Hugmyndavinna NBD 2015

Hafin var umræða vegna samnorrænu ráðstefnunnar á Íslandi 2015 um mögulegt fyrirkomulag kynningarstarf.

5. Samstarfsaðilar NBD 2015

Rætt um stuðningsaðila. Stefnt er að því að leita eftir stuðningi til samstarfsaðila svo sem banka, ráðuneyti og sveitarfélög, svo og stofnananna FSR, Mannvirkjastofnun og Skipulagsstofnun.

6. Heimasíða, staða og næstu skref

Heimasíðan er virk en eins og áður var rætt er tilefni til endurnýjunar hennar og var ákveðið að MKS vinni áfram að athugun á stöðunni.

7. Önnur mál

Ákveðið að málþing/ námstefna NBD á Íslandi verði haldið fimmtudaginn 29. mars 2012 e.h. Rætt var um efni fyrirhugaðrar ráðstefnu.

Ritað MKS